

6. gr.

Stofnuninni er heimilt að leggja 30% álag á gjald fyrir rannsóknir samkvæmt 3. gr., sé þess óskað að þær verði gerðar utan dagvinnutíma.

7. gr.

Gjald fyrir rannsóknir sem ekki eru taldar upp í 3. gr. skal ákveða í samræmi við fjölda vinnustunda sbr. ákvæði 1. gr. og annan kostnað hverju sinni.

8. gr.

Stofnuninni er heimilt að innheimta gjald vegna ferðakostnaðar miðað við útlagðan kostnað (fargjöld) og/eda akstur samkvæmt taxta aksturskostnaðarnefndar ríkisins.

9. gr.

Heimilt er að veita 30–50% afslátt frá gjaldskrá samkvæmt 3. gr. þegar um fleiri en 10 sýni frá sama eiganda/sendanda er að ræða og reglum sem stofnunin setur um sýnatöku, merkingu sýna og sendingu er fullnægt.

10. gr.

Stofnuninni er heimilt að vinna eftir verksamningi eða gera föst verktíloboð vegna sérfræðiráðgjafar og þjónusturannsókna og skal þá stuðst við taxta sbr. 1., 2. og 3. gr. gjaldskrárinnar.

11. gr.

Gjalddagi reikninga er 30 dögum eftir útgáfu. Stofnuninni er heimilt að innheimta dráttarvexti sé skuld ekki greidd fyrir gjalddaga.

12. gr.

Gjaldskrá þessi skal breytast 1. nóvember og 1. maí ár hvert í samræmi við vísitölu vöru og þjónustu.

13. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 67 frá 11. maí 1990 um Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 3. febrúar 1993.

Ólafur G. Einarsson.

Árni Gunnarsson.

AUGLÝSING

um ábyrgðartryggingu ökutækja o.fl.

1. gr.

Samkvæmt heimild í 3. mgr. 91. gr. umferðarlaga nr. 50 30. mars 1987, er ákveðið að váttryggingarfjárhæðir ábyrgðartryggingar ökutækja samkvæmt 2. mgr. 91. gr. skuli vera 434 millj. kr. vegna líkamstjóns eða vegna missis framfæranda og 94 millj. kr. vegna tjóns á munum.

2. gr.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 92. gr. umferðarlaga er ákveðið að váttryggingarfjárhæð slysatryggingar ökumanns samkvæmt 1. mgr. 92. gr. skuli vera 17 millj. kr.

3. gr.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 1. mars 1993.

Jafnfram fellur úr gildi auglýsing um ábyrgðartryggingu ökutækja o.fl., nr. 96 2. mars 1992.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 17. febrúar 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu á Ísafirði árið 1993.

1. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðar er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1993.

2. gr.

Gjaldið skal lagt á hverja íbúð og hvert fyrirtæki í kaupstaðnum. Innheimta skal gjaldið með fasteignagjöldum og eru gjalddagar og eindagar sorphirðugjaldsins þeir sömu og fasteignagjalda.

3. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

		Kr.
A) Íbúðir	sorphreinsigjald	3 000
	sorpeyðingargjald	2 000
B) Fyrirtæki og stofnanir		
Flokkur 1	sorpeyðingargjald	5 000
Flokkur 2	sorpeyðingargjald	15 000
Flokkur 3	sorpeyðingargjald	30 000
Bæjarstjórn skipar fyrirtækjum í flokka, m. a. eftir fasteignamati og magni úrgangs.		

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðar, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum, og öðlast nú þegar gildi.

Umhverfissráðuneytið, 18. febrúar 1993.

Eiður Guðnason.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.